



250. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 19. janúar 2017 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Garðar Svansson, Örn Andrésson, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðuðu: Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnlaugur Júlíusson og Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður,

Þetta gerðist:

Forseti sett fundi og stjórnaði honum.

1. Ólympísk málefni

Örn Andrésson fór yfir stöðu þeirra ólympísku verkefna sem framundan eru.

EYOWF 2017 í Erzurum

Skýrt frá stöðuskýrslu frá EOC. Allir þátttakendur frá Íslandi munu þurfa að skila inn skriflegu leyfi frá foreldrum um að þeir megi taka þátt í hátíðinni og ferðast með aðalfararstjóra ÍSí til Erzurum.

Smáþjóðaleikar 2017 í San Marínó

Forskráningu hefur verið skilað.

Undirbúningur fyrir EYOF 2017 í Győr og ÓL í Tókíó 2020 er á áætlun.

2. Fagsvið ÍSí – stutt yfirlit

Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí

Sigríður Jónsdóttir formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni hjá sviðinu. Sviðið undirbýr nú vinnufund með framkvæmdastjórn ÍSí um verkefni og störf sviðsins.

Tvær ráðstefnur eru framundan í tengslum við Reykjavíkurlaikana.

Almenningsíþróttasvið ÍSí

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni sviðsins. Lífshlaupið hefst 1. febrúar nk. Sjóvá-Kvennahlaup ÍSí verður haldið á Kvennafrídaginn, 19. júní.

3. Fjárhagsáætlun 2017

Gunnar Bragason gjaldkeri kynnti drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Áætlun verður aftur á dagskrá á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

4. Ríkisstyrkur til sérsambanda ÍSí 2017

Gunnar Bragason gjaldkeri kynnti tillögu að skiptingu ríkisstyrks 2017. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Útbreiðslustyrkur sérsambanda 2017

Gunnar Bragason gjaldkeri kynnti tillögu að útbreiðslustyrk sérsambanda ÍSÍ 2017. Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Lottóskipting sérsambanda 2017

Frestað til næsta fundar. Janúargreiðslan verður reiknuð með sama hætti og desembergreiðslan og leiðréttingar gerðar þegar ný reikniformúla liggur fyrir.

7. Umsýslugjald sjóða 2017

Samkvæmt samningum ÍSÍ við ríkið er heimilt að umsýslugjald vegna sjóða sé tekið af sjóðsframlögum. Tillaga að umsýslugjaldi eftirfarandi sjóða samþykkt samhljóða:

- Slysabótasjóður kr. 5.000.000,-
- Ferðasjóður íþróttafélaga kr. 3.000.000,-
- Afrekssjóður ÍSÍ kr. 3.000.000,-

Forseti þakkaði Gunnari fyrir hans miklu vinnu við ofangreind verkefni

8. Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ – staða mála

Nýtt félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, Felix 2.0, verður sett í loftið í febrúar. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við Þjóðskrá vegna samkeyrslu við Felix.

9. Íþróttaping ÍSÍ 2017

Jón Finnbogason mætti til fundar.

Farið yfir helstu tímasetningar og minnt á að senda þarf öll gögn og upplýsingar um framboð til forseta og stjórnar 19. apríl næstkomandi. Fundarmenn beðnir að koma hugmyndum að tillögum og ályktunum til skrifstofu til úrvinnslu með góðum fyrirvara.

10. Afrekssjóður ÍSÍ

Rætt um úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ og umfjöllun í fjölmiðlum í kjölfar hennar. Tvö sérsambönd létu í ljós óánægju sína með úthlutunina. Fundað var með öðru þeirra, Fimleikasambandi Íslands, og í kjölfarið gáfu bæði FSÍ og forseti ÍSÍ út yfirlýsingu um málið.

11. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri skýrði frá ráðningu Magnúsar Gunnlaugs Þórarinssonar í stöðu verkefnastjóra á Almennings sviði ÍSÍ. Hann hefur störf 1. febrúar nk.

12. Málefni Bogfimisambands Íslands

Bogfiminefnd ÍSÍ hefur óskað eftir því að stofnun Bogfimisambands Íslands verði frestað um óákveðinn tíma. Nefndin telur að lengri tíma þurfi í undirbúning fyrir stofnþingið en íþróttin hefur vaxið hratt undanfarin ár. Erindið samþykkt. Gert er ráð fyrir því að leitað verði áframhaldandi samþykkis næsta Íþróttapings ÍSÍ um stofnun sérsambands um bogfimi.

13. Samantekt úr rannsókninni Ánægja í íþróttum

Frestað til næsta fundar.

14. Heiðranir

Lögð fram tillaga Heiðursráðs ÍSÍ um eina útnefningu í Heiðurshöll ÍSÍ á Íþróttþingi ÍSÍ í maí. Tillagan samþykkt.

Rætt um tillögu Heiðursráðs ÍSÍ að Heiðursfélögum ÍSÍ. Samþykkt að bera upp tillögu um þrjá Heiðursfélaga á þinginu.

Rætt um tillögur Heiðursráðs ÍSÍ til heiðrana á Íþróttþingi ÍSÍ. Fundarmenn voru samþykkir öllum tillögum en samþykkt að skoða þetta mál betur þegar nær dregur þingi og dagskrá liggur fyrir.

Samþykkt að sæma Geir Þorsteinsson fráfarandi formann KSÍ Gullmerki ÍSÍ á ársþingi KSÍ í Vestmannaeyjum 11. febrúar nk.

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir sótti uppskeruhátíð ÍBV í Vestmannaeyjum í gær og afhenti þar Þór Í. Vilhjálmssyni Heiðurskross ÍSÍ og Gísla Valtýssyni Gullmerki ÍSÍ. Ákvörðun um að heiðra þá félagar var tekin á síðasta ári en vegna ófærðar þá reyndist ekki unnt að afhenda þeim viðurkenningarnar á ársþingi sambandsins, eins og fyrirhugað var.

15. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 249. fundur framkvæmdastjórnar. Samþykkt með lagfæringu á 1. tölulið. Inn í töluliðinn vantaði samþykkt fundarins um að þiggja boð um þátttöku drengjalandsliðsins í handknattleik í hátíðinni.

- 24. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2016

- 1. og 2. fundur framkvæmdaráðs 2017

- Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 12. janúar 2017.

Eftirfarandi tillögur sviðsins að fararstjórum fyrir næstu ólympísku verkefni teknar fyrir og samþykktar:

- Smáþjóðaleikarnir í San Marínó 2017 – Andri Stefánsson aðalfararstjóri og Örvar Ólafsson aðstoðarfararstjóri.
- EYOF 2017 í Györ – Örvar Ólafsson aðalfararstjóri og Garðar Svansson aðstoðarfararstjóri
- Ólympíuleikarnir í Tókíó 2020 – Andri Stefánsson aðalfararstjóri

- Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ frá 16. nóvember 2017

- Fundur fjármálaráðs ÍSÍ frá 17. janúar 2017

- Fundur Heiðursráðs frá 16. janúar 2017

16. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

17. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Stefnt er að því að halda næsta fund fimmtudaginn 23. febrúar 2017. Hugsanlega þarf að kalla til fund í millitíðinni vegna úthlutunar úr Ferðasjóði íþróttafélaga.

18. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.